



Einelti og áreitni á vinnustað

Það er mikilvægt að rekstraraðilar setji skýrar reglur um viðbrögð við einelti og áreitni á vinnustað og séu með vel skilgreinda viðbragðsáætlun ef grunsemdir koma fram um slíka hegðum á vinnustað.

Einelti er endurtekin ámælisverð háttsemi af hálfu eins eða fleiri saman, þ.e. hegðun, athöfn eða athafnaleysi, sem er til þess fallin að meiða, niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna, ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Þetta á m.a. við um skilaboð eða aðrar upplýsingar sem miðlað er í síma eða með rafrænum hætti. Hér er þó almennt ekki átt við samskipti eða skoðanaskipti milli jafninga.

Kynferðisleg áreitni er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Hér eru slóðir á vefsvæði með frekari upplýsingum um einelti og áreitni á vinnustað:

Reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum:

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/velferdarraduneyti/nr/4888>

Stjórnarráði Íslands - Leiðbeiningar fyrir stjórnendur um viðbrögð við einelti á vinnustað:

https://www.stjornarradid.is/media/fjarmalaraduneyti-media/media/starfsmannamal/einelti_a_vinnustad.pdf

Vinnueftirlitið - Ábendingar um einelti, áreitni eða ofbeldi :

<https://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/adbunadur/einelti-areitni-ofbeldi/>

Stefna Kópavogsbæjar gegn einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi:

<https://www.kopavogur.is/static/files/Umhverfi-og-utivist/eineltisstefna-endurskodun-24.nov-16-lokautg.pdf>

Skjal þetta er til leiðbeiningar við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og upplýsingar sem fram koma eru hvorki fullbúnar né tæmandi.
